

AÐALSKIPULAG DJÚPAVOGSHREPPS 2008-2020

Skipulags- og matslýsing

Ný vengtenging, stækkun á athafna- og hafnarsvæði og nýtt deiliskipulag

27.02.2024





UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

8776-004-06-GRG-001-V04

HÖFUNDUR

Anna Katrín Svavarsdóttir

RÝNT

Ingibjörg Sveinsdóttir

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	4
1.1	Skipulags- og matslýsing	4
2.	FORSENDUR	4
2.1	Skipulagssvæðið og staðhættir	4
2.1.1	Ný veltenging	5
2.1.2	Hafnarmannvirki, landfylling og ferðaþjónusta við Innri- Gleðivík.	5
2.1.3	Athafna-, iðnaðar og hafnarsvæði við Innri- Gleðivík	7
2.2	Efnisflutningar og notkun	7
2.3	Minjar og vernd	8
2.4	Tengsl við aðrar áætlanir	9
2.4.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	9
2.4.2	Strandsvæðisskipulag Austfjarða 2022	9
2.4.3	Svæðisskipulag Austurlands 2022-2040	9
2.4.4	Gildandi aðalskipulag	9
2.4.5	Gildandi deiliskipulag	11
2.4.6	Hafnarreglugerð fyrir Djúpavogshöfn	13
3.	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	13
4.	NÝTT DEILISKIPULAG	13
5.	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	14
5.1	Umhverfispættir og viðmið	14
5.2	Valkostir	15
5.2.1	Ný veltenging	15
5.2.2	Hafnarmannvirki, landfylling og ferðaþjónusta við Innri- Gleðivík.	15
5.2.3	Athafna-, iðnaðar og hafnarsvæði við Innri- Gleðivík	16
6.	KYNNING OG SAMRÁÐ	16
6.1	Skipulagsferli	16
6.2	Umsagnaraðilar	17

1. INNGANGUR

Uppbygging á atvinnustarfsemi, einkum í tengslum við fiskeldi og sjávarútveg á Djúpavogi hefur vaxið ört síðustu misseri og eru áform um áframhaldandi uppbyggingu. Einnig hafa komið upp vandamál varðandi aðkomu ferðamanna af skemmtiferðaskipum um hafnarsvæðið á Djúpavogshöfn og pláss fyrir rútur sem sækja ferðamenn niður að bryggju er mjög takmarkað. Samhliða þessari þróun eykst þörf á styrkingu innviða og áformar Múlaþing að breyta Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 til þess að koma til móts við þessar þarfir. Samhliða verður unnið nýtt deiliskipulag fyrir athafna- og hafnarsvæðið við Víkurland í Innri - Gleðivík.

1.1 Skipulags- og matslýsing

Hér er um að ræða sameiginlega skipulags- og matslýsingu fyrir:

- Breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020, skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Nýtt deiliskipulag fyrir hluta athafna- og hafnarsvæðis við Víkurland í Innri-Gleðivík, skv. 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með skipulagslýsingu er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar og nýs deiliskipulags.

2. FORSENDUR

Meginforsendur fyrir aðalskipulagsbreytingunni eru að sveitarfélagið vill bregðast við aukinni þörf á uppbyggingu hafnar- og samgöngumannvirkja og einnig ákalli um aukið framboð á lóðum fyrir atvinnustarfsemi. Stefnt er að því að auka umferðaröryggi innan þéttbýlisins með því að gera ráð fyrir nýjum stofnvegi frá Þjóðvegi 1 að framtíðar hafnarsvæði við Víkurland í Innri – Gleðivík. Með því er umferð í tengslum við hafnarstarfsemi beint frá miðsvæði og íbúðarbyggð og að athafna- og hafnarsvæði. Um leið er áformað að gera breytingar á afmörkun athafna- og hafnarsvæðis við Innri – Gleðivík til að bregðast við eftirspurn eftir lóðum. Þá er gert ráð fyrir að skilgreint þéttbýli stækki til norðurs og að aflétta þurfi hverfisvernd á ákveðnum svæðum til þess að koma fyrir nýjum atvinnusvæðum.

2.1 Skipulagssvæðið og staðhættir

Heildar stærð skipulagssvæðisins má áætla að sé um 25 ha að stærð og á við um svæði norðan við þéttbýlið og í og við Innri-Gleðivík á Djúpavogi. Til einföldunar verður fjallað um svæðið í þremur hlutum.

2.1.1 Ný vegtenging

Núverandi vegtenging við þéttbýlið er um Djúpavogsveg nr. 98 (þjóðvegur) sem liggur frá Þjóðvegi 1 (suðvestan við byggðina), fram hjá Borgarlandi, niður Búland og Mörk og endar við hafnarsvæðið í Gleðivík. Samtals 2,49 km langur stofnvegur. Annað vegakerfi þéttbýlisins er skilgreint sem aðrir vegir í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020.

Gert er ráð fyrir nýrri þjóðvegatengingu við Djúpavog sem mun tengjast núverandi þjóðvegi 1 norðan við Rakkaberg. Nýja tengingin mun væntanlega liggja sunnan við Siggahæð í átt að Þríhryningsfjöru en sveigist til suðurs að Háuklettum um það bil 100-200 metrum frá strandlínu. Gert er ráð fyrir að ný vegtenging tengist núverandi vegakerfi við Antoníusargarð (sjá mynd 1). Lega nýs vegar hefur ekki verið ákveðin nákvæmlega.

Svæðið er á láglandi og einkennist af klapparhryggjum og grónum svæðum inni á milli. Þær vistgerir sem eru á svæðinu eru til að mynda Starmóavist, Starungsmýravist, Hraungambravist, Lyngmóavist á láglandi og Melagambravist. Síðan er sjávarbakkinn í Norðurlandi hverfisverndaður vegna fuglalífs. Þá er á svæðinu lítt röskuð vonlendi sem eru stærri en 20.000 m². Á svæðinu sunnan frá Æðarsteinsvita að Antoníusargarði má finna nokkrar minjar sem t.d. tengjast landbúnaði og samgöngum.



MYND 1: Drög af nýrri vegtengingu við þéttbýlið. Nýir vegur sýndur með rauðri brotalínu.

2.1.2 Hafnarmannvirki, landfylling og ferðaþjónusta við Innri- Gleðivík.

Djúpavogshöfn skiptist í tvær aðskildar hafnir. Við Innri-Gleðivík stendur Gleðivíkurhöfn með 75 metra viðlegukanti, löndunarbúnaði og athafnasvæði hafnar. Gleðivíkurhöfn þjónar margvíslegum tilgangi og að henni leggjast t.d. flutningaskip, fiskiskip, minni skemmtiferðarskip og brunnbátar. Yfirleitt er miðað við að lengd skipa sé að hámarki 110 m en höfnin er óvarin og getur verið slæm lega í óhagstæðum


vindáttum. Í vestur og norður hluta Innri-Gleðivíkur er grjótvörn en í austanverðri Innri – Gleðivík er fjara og láglandi að mestu leiti óraskað. Svalbarðstangi er hverfisverndaður vegna fuglalífs og ósnortinnar fjöru. Vistgerðirnar á Svalbarðstanga eru Grasmóavist og Língrsis- og vingulsvist. Við Innri-Gleðivík er einnig vinsæll ferðamannastaður, Eggja í Gleðivík, sem staðsett eru meðfram Víkurlandi. Listaverkið samanstendur af 34 eggjum, jafnmarga fugla sem verpa í Djúpavogshreppi. Í og við Innri-Gleðivík má finna nokkrar minjar sem tengjast t.d. sjósókn, landbúnaði og samgöngum. Stærri skemmtiferðarskip sem koma til Djúpavogs leggja festar í Berufirði og farþegar eru ferjaðir í land á litlum bátum. Heildar fjöldi skemmtiferðaskipa við Djúpavog árið 2022 var 32 skip með tæplega 12 þúsund farþega og árið 2023 kom 61 skemmtiferðaskip til hafnar á Djúpavogi með tæplega 40 þúsund farþega.

Innan svæðisins er nú að finna eftirfarandi mannvirki:

- Víkurland 6a – byggt árið 2022 og er verksmiðja (Plastkassaverksmiðja)
- Víkurland 6d – byggt árið 2003 og er dæluhús (staðsett á Gleðivíkurhöfn).
- Gleðivíkurhöfn frá árinu 2002 með 75 metra viðlegukanti og löndunarbúnaði

Árið 2002 var gerð 5.500 m² landfylling fyrir aftan viðlegukantinn. Út í sjó í Innri Gleðivík er að finna útrás og sjólagir til þess að taka inn ferskan sjó.

Gerðar hafa verið nokkrar tillögur að endurbótum á hafnarmannvirkjum í Innri- Gleðivík en engin ákvörðun hefur verið tekin um hvaða leið verður fyrir valinu. Allar tillögurnar gera ráð fyrir 20.000 m² landfyllingu, 130 m stálþili og rúmlega 140 metra varnargarði við austanverða Innri-Gleðivík. Síðan er ráðgert að landfyllingin muni nýtast undir veg og fyrir ýmissa haftengda starfsemi. Tvær tillögur af þremur gera ráð fyrir að núverandi hafnarkantur við Gleðivíkurhöfn verði lengdur (mynd 2 sýnir tillögu 4 frá Vegagerðinni).



MYND 2: Eitt dæmi af mögulegri uppbyggingu hafnarmannvirkja við Innri - Gleðivík. Mynd frá Vegagerðinni sem sýnir tillögu 4 (valkostur 3, sjá kafla Umhverfismatsskýrsla).

2.1.3 Athafna-, iðnaðar og hafnarsvæði við Innri- Gleðivík

Framtíðar atvinnu- og hafnarsvæði Djúpvogs er við Innri- Gleðivík. Núna er gert ráð fyrir athafna-starfsemi við Háukletta og fyrir botni Innri-Gleðivíkur. Þá er hafnarsvæði í sunnan og vestanverðri Innri-Gleðivík.

Gert er ráð fyrir að stækka núverandi atvinnusvæði við vestanverða Innri- Gleðivík og að Þríhyringsfjöru. Með stækkuninni verða athafnasvæðin tvö við innri Gleðivík sameinuð og mun stækkunin margfalda það flatarmál sem nú þegar er undir atvinnustarfsemi í Innri- Gleðivík. Svæðið er á láglandi og einkennast óröskuð svæði af klapparhryggjum og grónum svæðum inni á milli. Þær vistgerðir sem þar má finna, eru til að mynda Starungsmýrarvist, Lyngmóavist á láglandi, Mosamóavist og Grasmóavist. Þá er Sjávarbakkinn á Norðurlandi hverfisverndaður vegna fuglalífs. Skammt frá eru lítt röskuð vonlendi sem eru stærri en 20.000 m². Á svæðinu sunnan frá Æðarsteinsvita að Antoníusargarði má finna nokkrar minjar sem t.d. tengjast landbúnaði og samgöngum.

2.2 Efnisflutningar og notkun

Árið 2000 var gerð athugun á jarðlögum fyrir uppbyggingu á Gleðivíkurhöfn. Niðurstaða úr þeirri athugun var að hægt var að nota efni úr Háuklettum í kjarnafyllingu en ekki í ytri brimvörn. Því var

nauðsynlegt að taka stærsta hluta grjóts og hluta kjarnans úr námu í Vindási í landi Hamars í Hamarsfirði¹.

Fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir er ráðgert að nýta allt nýtanlegt umfram efni við vegagerð og lóðarframkvæmdir í jarðvegsfyllingu og grjótvarnargarða við Innri-Gleðivík. Annað jarðvegsefni til þessara framkvæmda verður tekið úr námum í nágrenninu.

2.3 Minjar og vernd

Skv. aðalskráningu fornleifa í þéttbýlinu á Djúpavogi frá 2018 eru nokkrar minjar skráðar á hluta svæðisins. Ekki hafa verið skráðar minjar utan þéttbýlisins en skv. 16. gr. í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá deiliskipulagi.

Þarna er helst að finna gamlar innsiglingarvörður utarlega á Háuklettum (233:238, 233:239 og 233:240), vestan við botn vökurinnar er að finna tóft (233:241), kálgarð (233:242) og legstað/Fransmannsleiði (233:047).



MYND 3. Aðalskráning fornleifa innan þéttbýlis á Djúpavogi - minjakort sem sýnir hluta skipulagssvæðisins.

¹ Stapi Jarðfræðistofa (2000). *Djúpivogur, grjótnám fyrir Gleðivík*. Djúpavogshöfn Siglingarstofnun Íslands (2000). *Hafnargerð í Innri Gleðivík Djúpavogshreppi. Mat á umhverfisáhrifum*. Hafnarstjórn Djúpavogshrepps.

2.4 Tengsl við aðrar áætlanir

2.4.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf ásamt gæðum hins byggð umhverfis. Eftirfarandi kemur m.a. fram í stefnunni og var horft til við gerð þessara skipulagsáætlana:

„3.4.1 Öflugir innviðir.

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“

2.4.2 Strandsvæðisskipulag Austfjarða 2022

Í gildi er Strandsvæðisskipulag Austfjarða 2022 sem tekur til fjarða og flóa frá Almenningsfles í norðri að Hvítungum í suðri. Mörk skipulagssvæðisins markast við netlög eða 115 m út frá stórstraumsfjöru-borði. Að Djúpavogshöfn (Gleðivíkurhöfn og Gömlu höfninni við Fiskimannatanga) er skilgreind siglingarleið (S18 – Berufjörður).

2.4.3 Svæðisskipulag Austurlands 2022-2040

Í Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2040 er að finna sameiginlega framtíðarsýn Fjarðabyggðar, Fljótsdalshrepps, Múlaþings og Vopnafjarðarhrepps fyrir fjórðunginn. Stefnan er sett fram í mörgum málaflokkum m.a. er sett fram stefna um samgöngur, loftlagsmál, minjar og sögu, lykiláherslur í atvinnusköpun, hornsteina atvinnulífs, framleiðslu matvæla og verðmætasköpun, ferðaþjónustu og auðlindir og innviði ferðaþjónustunnar.

2.4.4 Gildandi aðalskipulag


Í gildi er Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008-2020, staðfest 24.02.2010. Aðalskipulagsbreyting þessi á við þéttbýlisupprátt og sveitarfélagsupprátt. Á þéttbýlisupprætti er skipulagssvæðið að mestu skilgreint sem hafnarsvæði, athafnasvæði og óbyggð svæði (mynd 4). Á sveitarfélagsupprætti er skipulagssvæðið skilgreint sem óbyggt svæði í dreifbýli (mynd 5). Þá eru hverfisvernduð svæði innan bæði þéttbýlis- og sveitafélagsuppráttar. Hér fyrir neðan má sjá nánar um landnotkunarflokkana sem eru innan skipulagsmarka þessarar fyrirhuguðu breytingar.

Á þéttbýlisupprætti er eftirfarandi landnotkunarflokkar innan skipulagssvæðis og eftir því sem við á kemur fram stefna eða texti úr skipulagi:

- **Hafnarsvæði – Gleðivíkurhöfn:** Almenn áhersla lögð á að styðja við hafnsækna starfsemi.
- **Athafnasvæði:** Almenn áhersla er lögð á fjölbreytta og hreinlega atvinnustarfsemi. Þá eru sérstök ákvæði um athafnasvæðið við Háukletta þar sem fram kemur að innan athafnasvæðis er heimilt að reisa byggingar fyrir léttu, hreinlega starfsemi sem tengjast hafnsækinni starfsemi. Við gerð

deiliskipulags er heimilt að afmarka allt að 4.000 m² byggingarreit innan afmarkaðrar lóðar. Heimilt byggingarmagn er allt að 3.000 m² miðað við grunnflöt. Staðsetning bygginga og yfirbragð þeirra skal taka ríkulegt tillit til staðháttanna og sérstöðu svæðisins, og skal lagt upp með að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra eins og kostur er, jafnt hvað varðar formgerð, hæð og litaval. Halda skal umhverfisraski í lágmarki, frágangur bygginga skal vera af góðum gæðum sem og umhverfisfrágangur. Nánari gæðakröfur um yfirbragð bygginga og frágang skulu koma fram í deiliskipulagi fyrir svæðið.


- **Óbyggð svæði í þéttbýli:** Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð.
- **Hverfisvernd - Svalbarðstanga:** „Tangi milli Gleðivíkur innri og ytri. Í klettum Svalbarðstanga verpur meðal annars töluvert af bjargdúfu og er um að ræða eitt af fáum varpsvæðum hennar á landinu og hefur því svæðið sem slíkt sérstöðu. Gerð tillaga um hverfisvernd vegna fuglalífs og ósnortinnar fjöru. Svæðinu má ekki spilla með jarðraski, trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun. Öll hugsanleg mannvirkjagerð á svæðinu verður að falla vel að landslagi svæðisins og taka m.a. tillit til þess fugla- og dýralífs sem þar er.“



MYND 4: Þéttbýlisuppráttur, rauð punktalína sýnir grófa staðsetningu á aðalskipulagsbreytingu.

Á sveitarfélagsupprætti eru eftirfarandi landnotkunarflokkar innan skipulagssvæðis:

- **Óbyggt svæði í dreifbýli:** Óbyggt svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð.
- **Hverfisvernd í dreifbýli** - Sjávarbakki í Norðurlandi : „Fjara frá Sandbrekku við Berufjörð, 100 m belti að Háuklettum við Innri -Gleðivík. Mikilvægt varplendi kríunnar er á norðanverðu Búlandsnesi skammt ofan sjávarbakka norðan við Æðarsteinsvíta. Gerð tillaga um hverfisvernd vegna fuglalífs. Landslagi og vatnabúskap má ekki spilla með jarðraski, trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun. Öll hugsanleg mannvirkjagerð á svæðinu verður að falla vel að landslagi svæðisins og taka tillit til þess fugla- og dýralífs sem þar er.“



MYND 5. Sveitarfélagsupprættur, rauð punktalína sýnir grófa staðsetningu á aðalskipulagsbreytingu.

2.4.5 Gildandi deiliskipulag

Á svæðinu er í gildi deiliskipulagið Innri – Gleðivík, athafnasvæði við Háukletta, samþykkt 21.06.2021. Deiliskipulagið nær yfir lóð Víkurlands 6A og þar er gert ráð fyrir uppbyggingu athafnahúsnæðis, afmörkun lóðar og byggingareits, aðkomu, bílastæðum, veitum og sormálum (sjá mynd 6). Deiliskipulag þetta mun falla út gildi við gildistöku nýs deiliskipulags.



MYND 6. Deiliskipulagsuppráttur af athafnasvæði við Háukletta.

Á aðliggjandi svæði er í gildi skipulagið *Deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis við Innri-Gleðivík*. Ráðgert er að skipulagsmörk nýs deiliskipulags liggja að skipulagsmörkum gildandi skipulags og viss samræming muni eiga sér stað.

Deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis við Innri-Gleðivík



Múlaping



ADALSKIPULAG DJÚPVOGSREPPS 2008/2020
Brot úr þéttisupprátt, staðsetning merkt með rauðum hring.

SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skipulagsálgjafi fyrir svæðið eru þessi:

- Deiliskipulagsuppráttur 1:1.000

- Greinargerð og umhverfisskýrsla

Kortagrunnur:

Skipulagsuppráttur er teiknað í kortagrunni sveitarfélagsins.

SAMÞYKKIR

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið skv. 41. gr

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

umhverfis- og framtíðarmálaráði þann

og heimatjóm Djúpvogs þann

Tillagan var auglýst frá

með athenavæðingartíðni til

f.h. Múlaþings.



Deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis við Innri-Gleðivík

Djúpvogi

Deiliskipulag

VERK: BLAÐSÍÐUR: UNNIÐ: RYNT:

8776-005-10 A2 AXS KDG

MEIÐVARNAR: DÁGS: DÁGSREYFT:

1:1.000 26.05.2023 07.09.2023

SAMÞYKKIR:

MYND 7: Gildandi skipulagsuppráttur fyrir Deiliskipulag athafna- og hafnarsvæði við Innri-Gleðivík.

2.4.6 Hafnarreglugerð fyrir Djúpavogshöfn

Í gildi er hafnarreglugerð fyrir Djúpavogshöfn nr. 292/2005 og þar undir er Gleðivíkurhöfn. Í reglugerðinni er kveðið á um daglegan rekstur, mengun og óþrifnað, akstur innan hafnarsvæðis og fleira.

3. BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð verður breyting á uppdrætti og greinargerð þar sem gerð verður grein fyrir fyrirhuguðum hafnarmannvirkjum. Helstu breytingar sem fyrirsjáanlegt er að þurfi að gera eru:

- Breyta þéttbýlismörkum og stækka þéttbýlið til norðurs í átt að Æðarsteinstanga.
- Aflétta hverfisvernd að hluta til á Sjávarbakka í Norðurlandi.
- Stækkun á athafna- og hafnarsvæði bæði vestan og austan megin í Innri-Gleðivík.
- Stækkun á hafnarsvæði vegna lengingar á hafnarkati, nýjum hafnarkanti, fyllingum og sjóvarnargarði.
- Aflétta hverfisvernd að stórum hluta eða að öllu leiti á Svalbarðstanga.
- Ný þjóðvegatenging við Djúpavog. Frá Þjóðvegi 1, norðan við þéttbýlið og inn á hafnarsvæðið.

4. NÝTT DEILISKIPULAG

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er unnið nýtt deiliskipulag sem mun samræmast áætlaðri breytingu aðalskipulags. Gert er ráð fyrir að skipulagssvæðið nái yfir hafnarmannvirkin í Innri-Gleðivík, hluta af Svalbarðstanga og vestanveðri Innri-Gleðivík s.s. Háukletta. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið Djúpivogur – athafnasvæði við Háukletta falli úr gildi með gildistöku nýs skipulags. Síðan er ráðgert að skipulagsmörk nýs deiliskipulags falli að gildandi skipulagi sem er við sunnanverða Innri-Gleðivík og ber heitið: *Deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis við Innri-Gleðivík*. Þá verður einnig hugað það því að samræma stefnu og innviði milli þessara tveggja skipulaga.

Helstu markmið nýs deiliskipulags eru:

- Að skapa góð skilyrði fyrir sjávarútveg og komu skemmtiferðaskipa m.a. með því að lengja núverandi hafnarkant, gera ráð fyrir nýjum hafnarkanti, gera varnargarð og stækka hafnarsvæðið með landfyllingu.
- Að bæta aðkomu að hafnarsvæðinu, stuðla að góðu umferðarflæði og bættu umferðaröryggi.
- Að skilgreina lóðir og byggingarreiti fyrir uppbyggingu á svæðinu, ásamt stefnu.
- Að tvinna saman sjávarútveg og ferðaþjónustu.

Þá er gert ráð fyrir að framsetning deiliskipulagsins verði með áherslu á myndræna framsetningu og sýni t.d. fyrir og eftir myndir.



MYND 8. Gróf afmörkun skipulagssvæðis sýnd með rauðri brota línu.

5. UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 þar sem skipulögin fela í sér framkvæmd sem fellur undir fyrrnefnd lög.

5.1 Umhverfispættir og viðmið

Við breytingu á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulags verða skoðuð áhrif á umhverfispættina sem eru í töflu 1 hér að neðan. Þetta eru þeir umhverfispættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum vegna stækkunar hafnarsvæðis, nýrrar vegteningar, breytinga á hverfisvernd, stækkunar þéttbýlis og stækkunar athafnasvæða.

Umhverfispættirnir verða metnir í samræmi við stefnu ríkis og sveitarfélags.

TAFLA 1. Yfirlit yfir umhverfispætti ásamt matsspurningum.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	DÆMI UM VIÐMIÐ
Land og landslag Landslag Ásýnd og yfirbragð	Hefur áætlunin áhrif á landslag? Hefur áætlunin áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?	Stefna í aðalskipulagi Landsskipulagsstefna 2015-2026
Gróður, vistkerfi og fuglar	Hefur áætlunin áhrif á gróður og vistkerfi?	Stefna í aðalskipulagi.

UMhverfispáttur	Matsspurningar	Dæmi um viðmið
	Hefur áætlunin áhrif á fugla eða búsvæði þeirra.	Landsskipulagsstefna 2015-2026. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
Heilbrigði Mengun og hávaði Öryggi	Er hættu á mengun eða hávaða vegna áætlunarinnar? Hefur áætlunin áhrif á umferðaröryggi? Hefur áætlunin áhrif á loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Svæðisskipulag Austfjarða 2022 Reglugerð um hávaða nr. 724/2008
Samfélag Atvinnulíf Íbúar	Hefur áætlunin áhrif á atvinnutækifæri? Hefur áætlunin áhrif á framtíðar uppbyggingu atvinnu? Hefur áætlunin áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins? Hefur áætlunin áhrif á íbúa?	Stefna í aðalskipulagi Landsskipulagsstefna 2015-2026 Svæðisskipulag Austfjarða 2022
Náttúru- og menningarminjar, hverfisvernd	Hefur áætlunin áhrif á náttúru- eða menningarinnar?	Stefna í aðalskipulagi Landsskipulagsstefna 2015-2026 Svæðisskipulag Austfjarða 2022 Lög um menningarminjar nr. 80/2012
Sjór og strandsvæði	Hefur áætlunin áhrif á sjó og/eða strandsvæði?	Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004. Strandsvæðisskipulag Austfjarða 2022

5.2 Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu er gert ráð fyrir að umfjöllun verði um valkosti. Til einföldunar verður fjallað um valkostina í þremur hlutum.

5.2.1 Ný vegtenging

Gert er ráð fyrir að bornir verði saman þrjú valkostir varðandi útfærslu nýrrar vegtengingar við þéttbýlið og eru þeir:

1. Valkostur I /valinn kostur – Ný vegtenging frá Þjóðvegi 1, sem mun liggja sunnan við Siggahæð í átt að Þríhyrningsfjöru en sveigir síðan í átt að Háuklettum u.þ.b. 100-200 m frá strandlínu og niður á höfn.
2. Valkostur II – Ný vegtenging frá Þjóðvegi 1, sem mun liggja norðan við Rakkaberg, þaðan norðvestur af þéttbýlinu, gegnum athafnasvæðið við Innri-Gleðivík og niður á höfn.
3. Núllkostur – Óbreytt skipulag og núverandi tenging Þjóðveggar við þéttbýlið.

5.2.2 Hafnarmannvirki, landfylling og ferðaþjónusta við Innri- Gleðivík.

Gerðar hafa verið nokkrar tillögur um uppbyggingu hafnarmannvirkja í Innri-Gleðivík en enginn ákvörðun hefur verið tekin. Í umhverfismatsskýrslu er gert ráð fyrir að bornir verði saman fjórir valkostir og eru þeir:

1. Valkostur I – Landfylling á um 20.000 m² svæði, 130 m langur nýr hafnarkantur, dýpkun á 2.000 m² og 140 m nýr varnargarður.

2. Valkostur II – Landfylling á um 20.000 m² svæði, 130 m langur nýr hafnarkantur, dýpkun á 2.000 m², 140 m nýr varnargarður og lenging á núverandi hafnarkati (til suðurs).
3. Valkostur III – Landfylling á um 20.000 m² svæði, 130 m langur nýr hafnarkantur, dýpkun á 2.000 m², 140 m nýr varnargarður og lenging á núverandi hafnarkati (til austurs og suðurs).
4. Núllkostur – óbreytt skipulag og engin stækkun á hafnarsvæði.

5.2.3 Athafna-, iðnaðar og hafnarsvæði við Innri- Gleðivík

Gert er ráð fyrir að bornir verði saman tveir valkostir vegna uppbyggingar á nýju atvinnusvæði í vestanveðri Innri – Gleðivík og eru þeir:

1. Valkostur I /valinn kostur – Nýtt athafna, iðnaðar- og hafnarsvæði við vestanverða Innri -Gleðivík. Ásamt stækkun þéttbýlis til norðurs í átt að Æðarsteinstanga.
2. Núllkostur – óbreytt skipulag og engar nýjar lóðir vestan megin í Innri – Gleðivík.


6. KYNNING OG SAMRÁÐ

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar. Gert er ráð fyrir að breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag verði unnin og auglýst samhliða. Breyting og kynning á aðalskipulagi er unnin skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gerð nýs deiliskipulags er unnin skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Múlaping vill hvetja íbúa og aðra hagsmunaraðila að koma með ábendingar og senda þær í gengum Skipulagsgátt (skipulagsgatt.is) á fyrstu stigum skipulagsvinnunnar.

6.1 Skipulagsferli

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar. Gert er ráð fyrir að breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi verði unnin og auglýst samhliða. Breyting og kynning á aðalskipulagi er unnin skv. 30. – 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gerð og kynning deiliskipulags er unnin skv. 40. - 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



6.2 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við þessa skipulagslýsingu, og á öðrum stigum í skipulagsferlinu.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun Íslands
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- HEF veitur – Hitaveita Egilsstaða og Fella
- Viðeigandi nefndir innan stjórnslu Múlaþings.
- Aðliggjandi sveitarfélög.
- Náttúrufræðistofnun.
- Svæðisskipulagsnefnd Austurlands.
- Svæðisráð um strandsvæðisskipulag Austfjarða.